

Nr. 43

26. ágúst 2022

AUGLÝSING um viðbótarbókun við fríverslunarsamning Íslands og Evrópusambandsins frá 1972.

Hinn 6. janúar 2011 var aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna viðbótarbókunar, sem gerð var í Brussel 28. júlí 2010, við fríverslunarsamning Íslands og Evrópusambandsins (áður Efnahagsbandalagið) frá 22. júlí 1972, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1973 þar sem fríverslunarsamningurinn er birtur. Viðbótarbókuninni var beitt til bráðabirgða frá 1. mars 2011 og öðlaðist gildi 1. maí 2011.

Viðbótarbókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**VIÐBÓTARBÓKUN VIÐ SAMNINGINN
MILLI
EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU
OG
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS**

EVROPUSAMBANDIÐ

og

ÍSLAND

MED HLIÐSJÓN af samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands, sem var undirritaður 22. júlí 1972, og gildandi reglum um viðskipti með fisk og sjávarafurðir milli Íslands og Bandalagsins,

MED HLIÐSJÓN af viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands sem var gerður í kjölfar aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu, einkum 2. gr.,

MED HLIÐSJÓN af viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands í kjölfar aðildar Lýðveldisins Búlgariu og Rúmeníu að Evrópusambandinu, einkum 2. gr.,

HAFA ÁKVEÐIÐ AÐ GERA SVOHLJÓÐANDI BÓKUN:

1. gr.

Í þessari bókun og viðaukanum við hana er mælt fyrir um sérákvæði um innflutning til Evrópusambandsins á tilteknunum fisktegundum og sjávarafurðum sem eru upprunnar á Íslandi.

Kveðið er á um árlega, tollfrjálsa kvóta í viðaukanum við þessa bókun. Hægt er að nýta þessa tollkvóta á tímabilinu frá 1. maí 2009 til 30. apríl 2014. Endurskoða skal þessa kvóta við lok þess tímabils að teknu tilliti til allra þeirra hagsmunar sem máli skipta.

2. gr.

Tollkvótarnir fyrir fyrstu 12 mánuðina, frá 1. maí 2009 til 30. apríl 2010, færast yfir á tímabilið frá 1. maí 2010 til 30. apríl 2011.

Verði tollkvótarnir fyrir kvótatímabilið frá 1. maí 2010 til 30. apríl 2011 ekki nýttir til fulls færir vannýttur kvóti yfir á kvótatímabilið frá 1. maí 2011 til 30. apríl 2012. Þannig er nýtingu tollkvóta fyrir tímabilið frá 1. maí 2010 til 30. apríl 2011 hætt á öðrum virkum degi í Bandalaginu eftir 1. september 2011. Næsta virka dag koma vannýttir tollkvótar til ráðstöfunar ásamt samsvarandi tollkvóta fyrir tímabilið 1. maí 2011 til 30. apríl 2012. Frá og með þeim degi er hvorki hægt að nýta né skila viðkomandi tollkvóta afturvirkta fyrir tímabilið 1. maí 2010 til 30. apríl 2011.

3. gr.

Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykka bókun þessa í samræmi við eigin reglur um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörsu.

Hún óðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann mánuð er síðasta skjalið um fullgildingu eða samþykki hefur verið afhent til vörsu.

Þar til þeirri málsmeðferð, sem um getur í 1. og 2. mgr., er lokið skal beita bókuninni til bráðabirgða frá fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta tilkynningin um það hefur verið afhent til vörsu.

Nr. 43

26. ágúst 2022

4. gr.

Bókun þessi, sem gerð er í einu frumriti á búlgörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku, þýsku og íslensku, en textar hennar á sérhverju þessara tungumála eru jafngildir, skal afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu sem mun senda hverjum samningsaðila staðfest endurrit.

Gjört í Brussel hinn 28. júlí 2010

VIÐAUKI
Sérákvæði sem um getur í 1. gr. bókunarinnar.

Evrópusambandið skal árlega opna, til viðbótar við fyrirliggjandi kvóta, árlega, tollfrjálsa kvóta fyrir afurðir sem eru upprunnar á Íslandi sem hér segir:

| SAT-nr. | Vörulýsing | Nettóþyngd árlegs (1.5-30.4) tollkvóta, nema annað sé tekið fram |
|----------------|--|---|
| 0303 51 00 | Síld af tegundunum <i>Clupea harengus</i> og <i>Clupea pallasii</i> , fryst, þó ekki lifur og hrogn ¹ , | 950 tonn |
| 0306 19 30 | Frystur leturhumar (<i>Nephrops norvegicus</i>) | 520 tonn |
| 0304 19 35 | Flök af gullkarfa (<i>Sebastes spp.</i>), ný eða kæld | 750 tonn |

¹ Tollkvótinn skal ekki ná til afurða sem tilkynnt hefur verið að settar verði í frjálsa dreifingu á tímabilinu 15. febrúar til 15. júní.

**ADDITIONAL PROTOCOL TO THE AGREEMENT
BETWEEN THE EUROPEAN ECONOMIC COMMUNITY
AND THE REPUBLIC OF ICELAND**

THE EUROPEAN UNION

and

ICELAND

HAVING REGARD to the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland signed on 22 July 1972, and to the existing arrangements for trade in fish and fishery products between Iceland and the Community,

HAVING REGARD to the Additional Protocol to the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland consequent on the accession of the Czech Republic, the Republic of Estonia, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Republic of Hungary, the Republic of Malta, the Republic of Poland, the Republic of Slovenia and the Slovak Republic to the European Union, and in particular article 2 thereof,

HAVING REGARD to the Additional Protocol to the Agreement between the European Economic Community and Iceland consequent on the accession of the Republic of Bulgaria and Romania to the European Union, and in particular article 2 thereof,

HAVE DECIDED TO CONCLUDE THIS PROTOCOL:

ARTICLE 1

The special provisions applicable to imports into the European Union of certain fish and fishery products originating in Iceland are laid down in this Protocol and the Annex thereto.

The annual duty free tariff quotas are provided for in the Annex to this Protocol. These tariff quotas shall cover the period from 1 May 2009 to 30 April 2014. The quota levels shall be reviewed by the end of that period taking into account all relevant interests.

ARTICLE 2

The volumes of the duty free tariff quotas for the first 12 month period 1 May 2009 to 30 April 2010 will be allocated to the period 1 May 2010 to 30 April 2011.

Should the volumes of the tariff quotas for the tariff quota period from 1 May 2010 to 30 April 2011 not be fully exhausted, the remaining volumes shall be carried over to the tariff quota period from 1 May 2011 to 30 April 2012. For this purpose drawings on the tariff quotas applicable from 1 May 2010 to 30 April 2011 shall be stopped on the second working day in the Commission following 1 September 2011. On the following working day, the unused balances of these tariff quotas shall be made available under the corresponding tariff quota applicable from 1 May 2011 to 30 April 2012. From that date onwards no retroactive drawings and no returns shall be possible on the particular tariff quotas applicable from 1 May 2010 to 30 April 2011.

ARTICLE 3

This Protocol shall be ratified or approved by the Contracting Parties in accordance with their own procedures. The instruments of ratification or approval shall be deposited with the General Secretariat of the Council of the European Union.

It shall enter into force on the first day of the second month after the last instrument of ratification or approval has been deposited.

Pending the completion of the procedures referred to in paragraphs 1 and 2, this Protocol shall be applied on a provisional basis as from the first day of the third month following the deposit of the last notification to this effect.

Nr. 43

26. ágúst 2022

ARTICLE 4

This Protocol, drawn up in a single original in the Bulgarian, Czech, Danish, Dutch, English, Estonian, Finnish, French, German, Greek, Italian, Latvian, Lithuanian, Hungarian, Maltese, Polish, Portuguese, Romanian, Slovak, Slovenian, Spanish, Swedish and Icelandic languages, the text in each of these languages being equally authentic, shall be deposited with the General Secretariat of the Council of the European Union, which will remit a certified copy to each of the Parties to this Agreement.

Done at Brussels, this 28 July of 2010

ANNEX
Special provisions referred to in article 1 of the protocol

The Union shall open the following annual duty free tariff quotas for products originating in Iceland, in addition to existing tariff quotas:

| CN code | Description of products | Annual (1.5-30.4) tariff quota volume in net weight, unless otherwise specified |
|----------------|--|--|
| 0303 51 00 | Herrings of the species <i>Clupea harengus</i> and <i>Clupea pallasii</i> , frozen, excluding livers and roes ¹ , | 950 tonnes |
| 0306 19 30 | Frozen Norway lobsters (<i>Nephrops norvegicus</i>) | 520 tonnes |
| 0304 19 35 | Fillets of redfish (<i>Sebastes</i> spp.), fresh or chilled | 750 tonnes |

1 The benefit of the tariff quota shall not be granted to goods declared for release for free circulation during the period 15 February to 15 June.
